

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 49 ? 18.04.2005

Mánudaginn 18. apríl, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Útboð í hitaveitu í Akrahreppi, vinnuliður.
2. Hitaveita sunnan Steinstaða
3. Kæra á efnistilboði.
4. Mál Hitaveitu Hjaltadals.
5. Niðurfelling skulda
6. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Bragi Þór Haraldsson hjá Verkfræðiskrifstofunni Stoð á Sauðárkróki kom á fundinn, gerði hann grein fyrir þeim tilboðum sem bárust í vinnulið við hitaveituframkvæmdirnar í Akrahreppi. Eftir farandi tilboð bárust:

Sigurður Karl Jónsson Selfossi.	Hitaveitulögn	79.891.000.-	92.9%
	Ídráttarrör	2.670.000.-	58.4%
	Samtals	82.561.000.-	91.1%

Steypustöð Skagafjarðar.	Hitaveitulögn	45.561.000.-	53.0%
	Ídráttarrör	3.755.000.-	82.0%
	Samtals	49.361.583.-	54.5%

Fjörður sf.	Hitaveitulögn	76.664.400.-	89.1%
	Ídráttarrör	7.785.000.-	170.0%
	Samtals	84.449.400.-	93.2%

Dalverk ehf.	Hitaveitulögn	74.236.350.-	86.3%
	Ídráttarrör	1.978.000.-	43.0%
	Samtals	76.214.350.-	84.2%

Vinnuvélar Símonar Skarphéðins.	Hitaveitulögn	52.814.300.-	61.4%
	Ídráttarrör	5.430.000.-	118.5%
	Samtals	58.234.300.-	64.3%

Stjórnin frestar ákvörðunartöku þar sem beðið er eftir niðurstöðu í kæru frá F & S á Íslandi vegna útboðs á efni í hitaveitulögn í Akrahreppi (sjá lið 3 í fundargerð)

2. Bragi Þór kynnti hugmyndir að lagningu hitaveitu á bæi sunnan Steinsstaða og lagi fram drög að kostnaðaráætlun í því sambandi. Samþykkt að Páll Pálsson vinni áfram að málinu.

3. Lagt fram bréf dags. 11.04.2005 frá Kærunefnd útboðsmála þar sem er tilkynnt um kæru F & S á Íslandi á hendur Skagafjarðarveitna ehf. vegna útboðs á efnishluta í hitaveitulagnar í Akrahreppi. Kærandi gerir m.a. þá kröfu að samningsgerð verði stöðvuð á grundvelli hins kærða útboðs og að ákvörðun kærða verði felld úr gildi að taka tilboði Set í einingarlið NR. 1-2 og 3 á tilboðsblaði. Kærunefndin fellst ekki á stöðvun samningsgerða vegna útboðs. Skagafjarðarveitur ehf. hafa skilað inn gögnum með rökstuðningi um hvers vegna að þær höfnuðu tilboði F & S á Íslandi. Bragi Þór gerði grein fyrir gangi mála og rökstuðningi Skagafjarðarveitna ehf.

4. Páll Pálsson gerði grein fyrir fundi sem hann átti með Arnari Þór Mássyni fulltrúa fjármálaráðuneytisins í stjórn Hitaveitu Hjaltadals. Vilji er fyrir hendi hjá báðum aðilum að Skagafjarðarveitur ehf taki yfir veitustarfssemi á Hólastað. Báðir aðilar vinna áfram að málinu.

5. Lagður fram listi yfir afskrifaðar skuldir á árinu 2004 að upphæð 521.092.-
. Stjórnin samþykkir framlagðan lista.

6. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.40

Sigrún Alda Sighvats (sign) Árni Egilsson ritari (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gísli (sign)

Páll Pálsson (sign)